

L Ö G

61

29. apríl

um heimild til að lækka aðflutningsgjald af nokkrum vörutegundum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilað að ákveða með auglýsingu lækkun á aðflutningsgjöldum af eftirgreindum vörutegundum:

1. Ný epli.
2. Nýjar perur.
3. Rúsínur.
4. Sveskjur.
5. Más.
6. Rís og aðrar korntegundir og rótarávextir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipaðan hátt.
7. Pulp og safi úr ávöxtum, ósykraður.
8. Saft úr ávöxtum og jurtahlutum.
9. Reiknivélar.
10. Ritvélar.
11. Talningarvélar (fétalar).
12. Fjölrítar (duplikatorar).
13. Aðrar skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, ót. a.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

AUGLÝSING

62

um kosningu ríkisstjóra.

10. maí

Á fundi sameinaðs Alþingis 17. f. m. var herra Sveinn Björnsson, ríkisstjóri, kjörinn ríkisstjóri Íslands til eins árs, fyrir kjörtímabilið frá 17. júní 1943 til jafnlangdar 1944.

Þetta er hér með gjört heyrin kunnugt.

Forsætisráðuneytið, 10. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Birgir Thorlacius.